



**Tillaga að breytingum  
á stjórnunar- og verndaráætlun  
Vatnajökulspjóðgarðs**

Verkefnislýsing til kynningar

sbr. umfjöllun á fundi stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs 29. júní 2020

# Efnisyfirlit

<b>1 Inngangur</b>	<b>2</b>
1.1 Aðdragandi og tilgangur breytingatillögu	2
1.2 Verkefnislýsing	2
<b>2 Efni og málsmeðferð</b>	<b>3</b>
2.1 Efnisflokkar og svæði	3
2.2 Efnistöð	3
2.3 Málsmeðferð	4
2.4 Kynning og samráð	5
<b>3 Tímarás</b>	<b>6</b>

Ráðgjöf við vinnslu verkefnislýsingar



# 1 Inngangur

## 1.1 Aðdragandi og tilgangur breytingatillögu

Á undanförunum árum hafa ýmsar breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs verið ræddar og mótaðar en ekki hefur náðst að ljúka ferlinu og ganga frá þeim formlega. Nýverið hafa síðan bæst við nýjar hugmyndir að breytingum og sumar áður framkomnar tillögur eru ekki lengur uppi á borðum. Þá hafa verið unnir eða eru í vinnslu nýjir viðaukar við áætlunina vegna stækkunar þjóðgarðsins auk þess sem uppfæra þarf ýmsar tilvísanir í lög og reglugerðir. Nú er því talin mikil þörf á að útbúa nýja útgáfu af stjórnunar- og verndaráætlun þannig að tillögur að breytingum verði formlega afgreiddar og til verði uppfært skjal sem nær yfir allan þjóðgarðinn, með þegar samþykktum viðaukum og örðum breytingum.

## 1.2 Verkefnislýsing

Í þessari verkefnislýsingu er lýst efni áformaðra breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs í og hvernig vinnuferli við breytingarnar mun ganga fyrir sig. Lýsingin er sett fram sem fyrsta skref í mótun breytingatillögu og tilgangur hennar er að kynna áformin og ferli við vinnslu breytinganna, þannig að umsagnaraðilar og þeir sem telja sig málið varða getið komið að

ábendingum sem varða tillögugerðina.

Verkefnislýsingin er birt á vef Vatnajökulspjóðgarðs til almennrar kynningar og send til umfjöllunar svæðisráða, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands sem eru lögbundnir samráðsaðilar við mótun stjórnunar- og verndaráætlunar. Óskað er eftir upplýsingum og sjónarmiðum sem varða efni breytinganna (sbr. 2. kafla) sem nýst geta við mótun breytingatillögu.

Síðar í ferlinu, þegar breytingatillaga hefur mótast sbr. ferli sem lýst er í þessari verkefnislýsingu, verður tillagan kynnt og send til umsagnar í samræmi við 5. mgr. 12. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð.

## 2 Efni og málsmeðferð

### 2.1 Efnisflokkar og svæði

Þær breytingar sem fjallað verður um við tillögugerðina varða eftirtalin atriði:

- **Ákvæði um loftför, lágflug og landingarstað, almenn ákvæði og á tilteknum svæðum** t.d. á Snæfellsöræfum.
- **Ákvæði um tjöldun** í Þjóðgarðinum.
- **Breytingar á þjónustusvæðum** eða ákvæði fyrir þau, t.d. við Snæfell, við Dettifoss, í Ásbyrgi, í Vesturdal, við Kverkjökul, við Galta og Laka, í Skaftafelli, við Mývatn og fleiri svæði. Önnur svæði geta komið til.
- **Breytingar á vegum**, þ.m.t. legu vegar fyrir framan jökul við Snæfell, nýjan veg að Falljökli og lengingu vegar að Breiðamerkurjökli. Einnig verða breytingar á flokkun vega til umfjöllunar.
- **Göngubrýr og gönguleiðir**, þ.m.t. ný göngubrú við Kolgrímu (sem er rétt utan Þjóðgarðsmarka) og nýjar gönguleiðir á Snæfellsöræfum.
- **Smávirðjanir**, þ.e. tillögur að stefnu um þær.

- **Ákvæði fyrir einstök verndarsvæði**, þ.m.t. jökulsker í Esjufjöllum, stuðlaberg á Heinabergssvæði og búsetulandslag í Skaftafelli.
- **Stefna um stjórnun á svæðum sem breytast vegna náttúruhamfara** og kunna að vekja sérstakan áhuga gesta.
- **Atvinnustefnu** en fyrir liggur samþykkt atvinnustefna sem verður hluti af breytttri stjórnunar- og verndaráætlun.
- **Þegar samþykktar breytingar vegna stækkunar Þjóðgarðs**, sem settar hafa verið fram í viðaukum. Efni viðaukanna er þá innlimað inn í stjórnunar- og verndaráætlunina.
- **Skýringarkort**, þ.e. uppfærslu þeirra m.v. þegar samþykktar stækkunar og tillögur að breytingum.
- **Uppfærsla á texta** á ýmsum stöðum m.v. lagabreytingar og breyttar forsendur vegna stækkunar Þjóðgarðs eða annarra orðinna breytinga. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða.

### 2.2 Efnistöð

Breytingatillagan verður sett fram með tvennum hætti:

1. **Í skjali sem lýsir breytingunum** og gerir grein fyrir forsendum þeirra, tengslum við aðrar áætlanir og áhrifum á umhverfi og samfélag, í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Efnisyfirlit þess skjals verður (með fyrirvara um breytingar):
  - a. Mörk, efni og ferli breytingartillögu
  - b. Tengsl við aðrar áætlanir
  - c. Textabreytingar

- d. Umhverfisaðstæður
- e. Aðferðir við umhverfismat
- f. Umhverfismat breytingatillögu
- g. Niðurstaða umhverfismats
- h. Vöktunaráætlun

## 2. Með uppfærslu á stjórnunar- og verndaráætlun

(áætlunarskjalinu) þar sem sjá má viðbætur og breytingar á viðeigandi stöðum. Þegar breytingarnar hafa verið samþykktar verður orðin til ný útgáfa af áætluninni.

## 2.3 Málsmeðferð

Vinnsla breytingatillögunnar verður í eftirfarandi skrefum:

1. **Umfjöllun stjórnar um drög að verkefnislýsingu:** Drög að þessari verkefnislýsingu voru kynnt og rædd á fundi stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs 29. júní 2020 og síðan var gengið frá henni til kynningar og umsagna.
2. **Kynning verkefnislýsingar:** Verkefnislýsingin er nú send til viðeigandi umsagnaraðila, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og kynnt á vef Vatnajökulsþjóðgarðs. Umsagnarfrestur er 4 vikur. *Umsagnartími: júlí-ágúst 2020.*
3. **Drög að breytingatillögu:** Þegar umsagnir og ábendingar um verkefnislýsingu hafa borist verður unnið úr þeim og breytingartillagan mótuð og áhrif hennar á umhverfi og samfélag metin. Samráð verður haft við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfismati tillögunnar sbr. 2. mgr. 6.

gr. laga um umhverfismat áætlana.

*Áætlaður vinnslutími: ágúst-október 2020.*

4. **Afgreiðsla breytingatillögu til auglýsingar:** Þegar drög að breytingatillögu liggja fyrir fjallar stjórn um tillöguna og sendir síðan til **umfjöllunar svæðisráða** sem fjalla um tillöguna og afgreiða hana til baka til stjórnar. Stjórn fjallar síðan um afgreiðslu svæðisráða og samþykkir að auglýsa breytingartillöguna (með eða án breytinga frá afgreiðslu svæðisráða) og leita umsagna um hana. *Áætlaður afgreiðslutími: nóvember-desember 2020.*
5. **Auglýsing breytingatillögu með athugasemda- og umsagnarfresti:** Breytingatillagan verður auglýst opinberlega í samræmi við 12. grein laga um Vatnajökulsþjóðgarð og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera athugasemdir innan sex vikna frá birtingu auglýsingar (lengja má frest ef tilefni þykir til). Tillagan verður þá einnig send til skilgreindra hagsmunaaðila til umsagnar og þeim gefinn sami athugasemdafrestur. Sama á við um Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun og aðrar fagstofnanir sem hafa komið að mótun breytingarinnar. *Áætlaður athugasemdafrestur: janúar- febrúar 2021.*
6. **Lokaafgreiðsla:** Unnið verður úr umsögnum og öðrum athugasemdum sem kunna að berast. Stjórn fjallar um þær og gerir tillögu til svæðisráða að lokaafgreiðslu. **Svæðisráð fjalla um** tillögu stjórnar að lokaafgreiðslu og afgreiða breytingatillöguna fyrir sitt leyti. *Áætlaður vinnslutími: mars 2021.*

7. **Samþykkt og staðfesting breytingartillögu:** Stjórn fjallar um afgreiðslu svæðisráða og samþykkir breytingartillögu. Tillaga stjórnar að breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð er síðan send ráðherra til staðfestingar. Þegar ráðherra hefur staðfest breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun er hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og tekur hún gildi við birtingu.

*Áætlaður vinnslutími: apríl 2021.*

## 2.4 Kynning og samráð

Verkefnislýsing og breytingatillaga verður send til umsagnar lögbundinna umsagnaraðila (Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar), auk annarra fagstofnana eftir því sem þörf er talin á. Einnig fær forsætisráðuneytis breytingatillöguna til umsagnar vegna þjóðlenda sem og þau sveitarfélög sem breytingar ná til, auk annarra hagsmunaaðila.

Breytingatillaga verður kynnt á opnum fundum, einum á hverju starfssvæði þjóðgarðs og einum á höfuðborgarsvæðinu, áður en hún verður formlega auglýst.

## 3 Tímarás

Tímarás fyrir vinnslu breytingatillögunnar er í grófum dráttum eftirfarandi:

